



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 14. febrúar 2024

2402014SA VRB
Málalykill: 00.63

Efni: Umsögn um frumvarp til breytinga á skipulagslögum, 628. mál.

Vísað er til tölvupósts frá nefndarsviðið Alþingis, dags. 1. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umögn Sambands Íslenskra sveitarfélaga um frumvarp til breytinga á skipulagslögum. Með frumvarpinu er lagt til að þegar framkvæmdir við uppbyggingu í íbúðabyggð eða á svæði þar sem íbúðabyggð er heimiluð hafa ekki hafist innan fimm ára frá birtingu samþykkt deiliskipulags skuli sveitarstjórn, áður en ákvörðun er tekin um samþykkt byggingaráforma, meta hvort þörf er á að skipulagið verði uppfært í heild eða að hluta. Hafi engin umsókn um byggingaráform verið lögð fram á umræddum tíma getur sveitarstjórn kallað eftir skýringum og framkvæmt áður nefnt mat á grundvelli þeirra.

Afstaða sambandsins

Sambandið hefur átt mikla aðkomu að þessu máli á vinnslustigi þess. Sambandið átti tvo fulltrúa um starfshópi um umbætur á húsnæðismarkaði, sem skilaði skýrslu með 28 tillögum í maí 2022. Til að fylgja eftir tillögum starfshópsins hófust viðræður milli ríkis og sveitarfélaga um gerð rammisamnings sem var síðan undirritaður hinn 12. júlí 2022. Tilgangur samningsins er að auka framboð nýrra íbúða til að mæta fjörsjáanlegri íbúðapörf ólíkra hópa samfélagsins til skemmri og lengri tíma og stuðla að auknum stöðugleika og jafnvægi á húsnæðismarkaði á næstu tíu árum. Um er að ræða fyrsta samning milli ríkis og sveitarfélaga af þessum toga. Samningnum fylgir viðauki sem er aðgerðaráætlun með tuttugu og fjórum tímasettum aðgerðum og er frumvarp þetta ein af aðgerðum sem ríki og sveitarfélög eru sammála um að lögð verði áhersla á. Þá hefur sambandið ennfremur átt afar góðar samræður við SHH, Reykjavíkurborg og ráðuneytið varðandi efni frumvarpsins og brugðist hefur verið við ábendingum sambandsins á fyrri stigum.

Með vísan til framangreinds styður sambandið eindregið lögfestingu frumvarpsins.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Valgerður Rún Ben.

Valgerður Rún Benediktsdóttir
yfirlögfræðingur